



Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins

Fundargerð 101. fundar svæðisskipulagsnefndar

101. fundur svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins var haldinn föstudaginn 11. júní 2021 kl. 13:30 á fjarfundi. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum með fjarfundabúnaði með vísan til heimilda í auglýsingu nr. 230/2020 um ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra skv. VI. bráðabirgðarákvæði sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011:

Reykjavík:

Pawel Bartoszek

Marta Guðjónsdóttir

Kópavogsbær:

Helga Hauksdóttir

Bergljót Kristinsdóttir

Hafnarfjarðarbær:

Ólafur Ingi Tómasson

Daði Lárusson

Garðabær:

Sigurður Guðmundsson

Mosfellsbær:

Ásgeir Sveinsson

Sveinn Óskar Sigurðsson

Seltjarnarnesbær:

Stefán Bergmann

Kjósarhreppur:

Marianna Hugrún Helgadóttir

Varaformaður, Helga Hauksdóttir, setti fund og stýrði. Jón Kjartan Ágústsson svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins ritaði fundargerð. Ragnhildur Jónsdóttir boðaði forföll fyrir fund.

Þetta gerðist:

1. Samþykki fundargerðar

Lögð fram til samþykktar 100. fundargerð svæðisskipulagsnefndar dags. 14.05.2021

Niðurstaða fundar:

Samþykkt samhljóða.

2. Erindi frá aðalfundi SSH 2020 v. starfsreglna svæðisskipulagsnefndar – 2102006

Framhald umræðu frá síðasta fundi.

Fyrirliggjandi er tillaga að nýjum starfsreglum svæðisskipulagsnefndar sem formaður lagði fram til samþykktar á 100. fundar svæðisskipulagsnefndar. Á fundinum var lagt fram bréf Sveins Óskars Sigurssonar ódags. með breytingartillögum. Erindi var frestað og í kjölfarið óskaði formaður eftir áliti lögfræðings SSH á breytingartillögum.

Lagt fram bréf lögfræðings SSH til svæðisskipulagsnefndar dags. 8. júní 2021.

Breytingartillaga á 8.mgr 4. gr. var lögð fram til atkvæðagreiðslu. Sveinn Óskar Sigurðsson kýs með tillögu. Pawel Bartoszek, Helga Hauksdóttir, Bergljót Kristinsdóttir, Ólafur Ingi Tómasson, Daði



Lárusson, Sigurður Guðmundsson, Ásgeir Sveinsson, Stefán Bergmann og Marianna Hugufrún Helgadóttir kjósa á móti. Tillaga ekki samþykkt.

Breytingartillaga á 4. mgr. 5. gr. var lögð fram til atkvæðagreiðslu. Sveinn Óskar Sigurðsson kys með tillögu. Pawel Bartoszek, Helga Hauksdóttir, Bergljót Kristinsdóttir, Ólafur Ingi Tómasson, Daði Lárusson, Sigurður Guðmundsson, Ásgeir Sveinsson, Stefán Bergmann og Marianna Hugufrún Helgadóttir kjósa á móti. Tillaga ekki samþykkt.

Formaður leggur fram tillögu að nýjum starfsreglum svæðisskipulagsnefndar til samþykktar.

Niðurstaða fundar:

Samþykkt samhljóða.

Vísad til skipulagsstofnunar til umsagnar.

Marta Guðjónsdóttir kom inn á fund eftir þennan lið.

3. Náttúruvá og skipulagsmál - 2103004

Kynningar. Framhald umræðu frá fyrri fundi.

Á 100. fundi svæðisskipulagsnefndar var lagt fram minnisblað svæðisskipulagsstjóra dags. 10.05.2021 um almannavarnir og skipulagsmál. Í fundargerð fundar var bókað:

Svæðisskipulagsnefnd felur svæðisskipulagsstjóra að óska eftir kynningu frá almannavarnanefnd höfuðborgarsvæðisins.

Gestir undir þessum lið eru Þóra K. Ásgeirsdóttir deildarstjóri almannavarna höfuðborgarsvæðisins, Sveinn Óli Pálmarsson framkvæmdastjóri Vatnaskila, Hólmfríður Sigurðardóttir orkustýra Veitna og Hrafnkell Ásólfur Proppé forstöðumaður Borgarlínu hjá Vegagerðinni.

Niðurstaða fundar:

Svæðisskipulagsnefnd þakkar gestum fyrir góðar kynningar.

Sveinn Óskar Sigurðsson bókar undir þessum lið: Fagmenn hafa verulegar áhyggjur af áformum Vegagerðarinnar um lökkun Suðurlandsvegar við Rauðhóla sem og áformum Reykjavíkurborgar með deiliskipulagi á Hólmsheiði í námunda við vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins á sama svæði, steinsnar við öryggissvæði vatnsverndarinnar. Fullyrða má að áform þessara aðila gengur gegn áformum sveitarfélaganna varðandi vatnsvernd á svæðinu. Borgarlínuverkefnið kallar á uppbyggingu íbúðahúsnæðis á iðnaðarsvæðum (sbr. á Höfðanum í Reykjavík), svæðum „létts“ iðnaðar sem virðist eiga að koma fyrir við vatnsverndarsvæði og jafnvel á öryggissvæðum vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu. Gott dæmi um áhættuna sem felst í heildarmótun skipulagsins á svæðinu öllu og ruðningsáhrifum borgarlínu og áætlun um frekari þéttingu byggðar.

Fleira var ekki gert. Fundi lauk klukkan 15:30